

Minnisblað - 1911028

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Starfshóp um undirbúning íþróttamannvirkja

Efni: *Tillaga frá starfshópnum um að farið verði í alútboð vegna íþróttamannvirkja.*

Dags.: 10.08.2021

Á 187. fundi sveitarstjórnar 13.02.2020 var skipaður starfshópur vegna undirbúnings íþróttamannvirkja:

1911028 - Undirbúningur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Úr fundargerð 240. fundar byggðarráðs 22.01.2020, dagskrárliður 15:

1911028 - Undirbúningur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Í fjárhagsáætlun 2020 til 2023 er gert ráð fyrir að á árinu 2020 verði framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja í Dalabyggð undirbúnar.

Lagt er til við sveitarstjórn að skipaður verði þriggja manna starfshópur um verkefnið. Umsjónarmaður framkvæmda, skipulagsfulltrúi og skólastjóri Auðarskóla starfi með hópnum.

Samþykkt samhljóða.

Lagt til að eftirtaldir skipi hópinn: Einar Jón Geirsson, Ragnheiður Pálsdóttir og Skúli Hreinn Guðbjörnsson.

Samþykkt samhljóða.

Frá því að starfshópurinn var skipaður hefur hann fundað 16 sinnum.

Á 195. fundi sveitarstjórnar 10.09.2020 var samþykkt að setja af stað vinna við deiliskipulag vegna íþróttamannvirkja. Deiliskipulagið var staðfest á 203. fundi sveitarstjórnar 11.03.2021.

Á grundvelli fyrri samtala og vinnu voru valdir þrír arkitektar til að vinna hugmyndir að hönnun á íþróttamiðstöðvar í Búðardal. Arkitektastofurnar voru Alark, Arkís og Arkþing.

Stofurnar fengu þann 10.11.2020 senda greinargerð með upplýsingum um þarfagreiningu, afstöðu á svæðinu sem um ræðir, bygginguna Dalabúð, með hvaða hætti skyldi skila hugmyndunum og hvernig þær yrðu metnar við val á samstarfsaðila. Þar var opnað á nýtingu kjallararýma austur- og vesturálmu Dalabúðar og óskað eftir að möguleikar til tenginga milli bygginga (vegna samnýtingar á núverandi sal o.fl.) yrðu skoðaðir. Val á sérstæðri byggingu var hins vegar ekki útilokað, ef mat arkitektanna væiu að það væri hagstæðasti kosturinn.

Arkitektastofurnar skiluðu tillögum að uppbyggingu íþróttarmiðstöðvar skv. forskrift og grófri þarfagreiningu. Tillögurnar fólu í sér mismunandi uppröðun rýma, en grunnhugsunin mikið til sú sama. Ónýtt rými í Dalabúð var lítið eða ekkert nýtt og a.m.k. ein tillaga rökstuddi það sérstaklega.

Á 204. fundi sveitarstjórnar 15.04.2021 var eftirfarandi afgreitt:

1911028 - Undirbúningur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Minnisblað frá starfshópi lagt fram.

Til máls taka Skúli, Einar, Skúli (annað sinn), Einar (annað sinn).

Oddviti les bókun starfshóps.

Starfshópur um íþróttamannvirki í Búðardal leggur til að hann fái heimild til að semja við verkfræðistofuna Verkís um ráðgjöf og vinnu við verkefnastjórnun og frumhönnun íþróttamannvirkja. Niðurstaða frumhönnunar verður lögð fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar áður en farið verður í forhönnun og arkitekt og fleiri ráðgjafar fengnir að verkefninu.

Samþykkt samhljóða.

Starfshópurinn fór yfir tillögurnar og mat þær. Kostnaðarmat allra tillagna reyndist töluvert yfir þeim upphæðum sem horft hefur verið til í undirbúning verkefnisins og því ljóst að staldra þurfti við og endurmeta forsendur þess. Það fól í sér rýni á þarfagreiningu, tillögu Alark og öðrum forsendum og gerð uppfærðrar kostnaðaráætlunar. Við mat á tillögum arkitekta var Verkís til ráðgjafar og sá um gerð kostnaðarmats. Samþykkti sveitarstjórn aðheimild til starfshópsins til að fá Verkís til að vinna frumhönnunarskýrslu.

Á 206. fundi sveitarstjórnar 10.06.2021 var frumhönnunarskýrsla lögð fram og fól sveitarstjórn starfshópnum að vinna áfram að málinu.

Starfshópurinn hefur yfirfarið grunnteikningar í samráði við Verkís og Alark. Kostnaðarmat liggur fyrir á tillögunni og er það mat starfshópsins að ekki verði lengra komist varðandi það. Staðan er enn sú að kostnaðarmat er umtalsvert umfram þær 600 m.kr. sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Það sem nú liggur fyrir, til þess að fá endanlegan „verðmiða“ á framkvæmdirnar telur starfshópurinn sé að bjóða verkefnið út. Verkís og Alark yrðu fengin til að vinna gögn og skilmála vegna þess.

Tillaga til sveitarstjórnar:

Starfshóp um undirbúning íþróttamannvirkja er falið að undirbúa alútboð á byggingu íþróttamannvirkja í Dalabyggð.